



## CAD Fréttir Marz 2008

### Lóan er komin:

Lóan er komin og páskarnir einnig og vorið er á næsta leyti.

Þetta er eins öruggt og gangur himintunglanna.

Það er líka kominn þessi tími árs að nýju forritin frá Autodesk líta dagsins ljós og er ánægjulegt að getað sagt ykkur frá 2009 útgáfunar af

AutoCAD LT 2009

AutoCAD 2009

AutoCAD Mechanical 2009

Inventor Series 2009

Inventor Professional 2009

ásamt öllum hinum fjölskyldumeðlimum.

Ég hef notið þeirra forrétinda að reyna "beta" útgáfunar af ofanefndum forritum síðan fyrir áramót og ég get lofað ykkur margar skemmtilegar nýjungar og umbætur.

Reiknað er með að nýju forritin verði send frá Autodesk til áskrifenda næstu 1-2 vikurnar.

Áskrifendur ættu að hafa fengið póst frá Autodesk um þessi mál.

Ef þið eruð ekki með rétt skráð heimilisföng og pósthöng (email) hjá Autodesk þá ráðlegg ég ykkur að fara inn á áskriftarsíðuna ykkar og leiðrétta upplýsingar sem fyrst.

### AutoCAD 2009 fjölskyldan:



Autodesk er stöðugt að þróa og bæta AutoCAD® hugbúnaðinn með það að leiðarljósi að auka afköst notenda.


Af nýjungum í AutoCAD 2009 er helst að nefna:

AutoCAD styður nú bæði 32 bita og 64 bita umhverfi að fullu. Er viðurkennt fyrir Microsoft Vista.

Hér er rétt að skjóta inn, að ServicePack 1 fyrir Vista er nú kominn hjá Microsoft og mæli ég með að SP1 sé settur upp.

Breytt og bætt viðmót


Borði (Ribbon) í stað gardína



ViewCube og stýri (Steering Wheels) til að auðvelda rötun í þrívídd.

Quick Properties - til að sjá helstu eiginleika hluta

Quick View - til að sjá opnar teikningar og teikniblöð (Layouts)



Skráning skipana (Action recorder) auðvelt að skrá skipanaröð og spila aftur

Breytt og bætt lag samskipta og viðmót (Layer Dialog)

og margt, margt fleira.

Mesta og fyrsta breytingin sem notendur taka eftir er nýji borðinn í stað felligardínunnar.

Þeir sem þekkja Office 2007 ættu að vera fljótir að ná þessu umhverfi sem einnig er mjög auðvelt að aðlaga.

Hinir sem er lítið gefið fyrir viðmótsbreytingar geta að sjálfsögðu keyrt AutoCAD upp í "Classic" viðmótið

Nú er ennig hægt að aðlaga Tooltips og nýja Quick Properties upplýsingarnar (og hægt er að slökkva alfarið)

Eins og alltaf þegar nýjar útgáfur koma út ráðlegg ég notendum að eyða 15-20 mín og fara í Help og Whats New. Þessi liður hjálparinnar gleymist oft en ég get lofað ykkur að þessar 20 mínútur eru vel varðar.

Ég ætla að benda ykkur á nokkar síður hjá Autodesk og öðrum þar sem fjallað er ýtarlega um nýjungar í AutoCAD 2009 (gildir einnig fyrir LT)

[Lynn Allen](#)  
[Between the Lines](#)

## Servicepacks og uppfærslur:

Engar nýjar uppfærslur hafa komið síðan síðasta fréttabréf kom út - þó er alltaf gott að athuga þetta reglulega inni á þjónustuvefnum hjá Autodesk:

<http://usa.autodesk.com/adsk/servlet/index?siteID=123112&id=9339357>

## Inventor 2009:



## Inventor Series 2009 (AIS) og Inventor Professional 2009 (AIP)

Hér her boðið upp á mjög margar nýjungar en viðmótið hefur lítið sem ekkert breyst - það er við fyrstu sýn, en þegar dýpra er grafið koma í ljós ýmsar breytingar á viðmótinu sem er tvímælalaust til batnaðar. Sumt felst í því hvernig sjálfgefin hegðun (Default) er breytt og annað felst í viðbótar möguleikum sem við höfum ekki haft áður.

Allt í allt eru yfir 200 breytingar og nýjungar í Inventor útgáfunum og of langt mál er að telju þau öll upp hér og nú. Hér skal því bara stikklað á stóru.

Inventor styður nú bæði 32 bita og 64 bita umhverfi og er viðurkenndur fyrir Microsoft Vista. Nú er hægt að setja upp einn uppsetningarpakka (Image) fyrir bæði 32 og 64 bita umhverfi. Öll forritin (Inventor, AutoCAD, Vault, Content Center osfrv.) er nú í einum uppsetningarpakka (Image). 64 bita umhverfi hefur ekki 3Gb minnisþröskuldinn og getum við nýtt allt það minni sem 64 bita umhverfið býður upp á. Þetta er sérlega gagnlegt þegar unnið er með mjög stórar samsetningar.

Inventor 2009 getur lesið skrár frá Pro/Engineer, Granite, UG-NX®, Parasolid®, and SolidWorks® auk þess sem opnun úr SAT, IGES og STEP formunum eru bætt.


Í þunnplötu umhverfi (Sheet Metal) eru ótrúlega margar skemmtilegar nýjungar.

Hliðrun frá miðplani (Mid Plane Offset)

Hvernig horn skerast og opnast (Corner Relief & Corner Seam Override)

Þunnplötustílar (Sheet Metal Styles) er nú hluti af almennri stílauppsetningu.

Íparts úr þunnplötuefni geta nú innihaldið útfletningar fyrir margar mismunandi stærðir PEM festingar fyrir Sheet Metal eru nú í auknum mæli hluti af Content Center.



Í teikningaumhverfinu eru líka margar nýjungar.

Nú er unnt að "klippa" úr mynd (Crop View) með því aðeins að velja með glugga (Window) í kringum það sem á að klippa.

Sjálvirkar miðlínur (Center Lines)

Partalistasíur (Part List Filters)

Unnt er að velja hvort listann á að byggja á hluti með eða án bólna (Balloons)

Frá og til númer - t.d. sýna hluti með númerum frá 10-18

Sýna eða fela aðkeypta hluti osfrv.

I Frame Generator er nú aðvelt að bæta inn eigin prófílum, t.d. álprófila fyrir m.a. glugga, límtré svo og aðra sér prófíla.

LOD - Level Of Detail.

Nú er hægt að búa til "staðgengla" (Substitutes) með því að velja viðeigangi LOD og getur það létt töluvert á mjög stórum samsetningum.



Staðsetning í samsetningu (Orientation in Assembly)

Nú varðveitist síðasta staðning hluta þegar sami hluturinn er settur inn í samsetninguna aftur og aftur. Ekki er lengur þörf á að snúa endalaust til að getað sett á skorður (Constrains). Þetta eitt sparar mikinn tíma.

Skissuumhverfið (Sketch) er bætt og einfaldað svo og Inventor Studio.

Svona væri lengi hægt að telja áfram en eins og með AutoCAD þá vísa ég hér á síður sem geta hjálpað ykkur að læra á og nota þessar nýjungar

[Autodesk Blogs 1](#)

[Autodesk Blogs 2](#)

[Inventor Connection](#)

[Inventor Forum](#)

## Lokaorð:

Í þessu fréttabréfi eru engin tips og tricks. Ég er að viðá að mér T&T fyrir 2009 útgáfurnar og því verður þeim mun meira um T&T í næstu fréttabréfum.

Ég kveð að sinni og bið ykkur að gleyma nú ekki vorsólinni þrátt fyrir allt þetta skemmtilega sem við getum gert í vinnunni.

F.h. CAD ehf

Finnur P. Fróðason

## Hafið Samband:

sími: 5523990 - [cad@cad.is](mailto:cad@cad.is)

## [Forward email](#)

✉ **SafeUnsubscribe®**

This email was sent to [finnurp@cad.is](mailto:finnurp@cad.is) by [finnurp@cad.is](mailto:finnurp@cad.is).

[Update Profile/Email Address](#) | Instant removal with [SafeUnsubscribe™](#) | [Privacy Policy](#).

Email Marketing by



CAD ehf | Skipholt 50 A | Reykjavík | IS-105 | Iceland